

Easy-Jet fækkar ferðum London-Moskva um helming

Eftir Styrmi Gunnarsson

Brezka flugfélagið Easy-Jet hefur fækkað ferðum á flugleiðinni London-Moskva um helming. Ástæðan er minnkandi eftirspurn og að sögn Moskvutíðinda eru önnur alþjóðleg flugfélög að gera hið sama.

Farþegum á þessari flugleið hefur fækkað um 20% það sem af er þessu ári samanborið við sama tíma fyrir ári. Ástæðan er staða rúblunnar og versnandi alþjóðleg samskipti vegna deilunnar um Úkraínu.

Flugfélög í Asíu og Miðausturlöndum hafa gert hið sama.

Rússnesk flugfélög ætla að hætta flugi á 71 leið á þessu ári.

Í kjölfarið á fækkun ferða má búast við að fargjöld til Rússlands hækki að því er fram kemur í Moskvutíðindum.